

Íbúafundur borgarstjóra í Grafarvogi - haldinn í Borgum, Félags- og menningarmiðstöðinni, Spönginni 43 í Grafarvogi

Fjöldi íbúa var um 150 -170 manns

27. september 2017

Fundur settur Kl. 20:00

Ingibjörg Sigurpórsdóttir fundarstjóri setti fundinn.

Borgarstjóri Dagur B. Eggertsson fór yfir helstu mál hverfisins og kynnti starfsemi borgarinnar í Grafarvogi. Borgarstjóri er búinn að fara um Grafarvog heimsækja leikskóla, skóla, skoða félagsstarfið, Gufunesbæ, bókasafnið og fleiri staði er tengjast hverfinu. Íbúar Grafarvogs eru rúmlega 18.000. Ýmsar upplýsingar komu fram varðandi stærð hverfis, fjöldi bekkja og ruslastampa og fleira. Grafarvogur er barnmargt hverfi en er að eldast. Kraftmesta félag eldri borgara er í Grafarvöginum. Farið var yfir skóla og frístundastarf í hverfinu. Níu leikskólar eru í hverfinu, nokkrir af þeim eru sameinaðir og samtals um 800 börn í þeim. Sex grunnskólar eru í hverfinu með um 2.160 börnum en fyrir tíu árum voru börnin 1000 fleiri. Fjallað hann síðan um Gufunesbæ og það frístunda starf sem unnið er þar. Fór stuttlega yfir starf Borgarbókasafnsins, starf Fjölnis, framkvæmdir við Egilshöll og fyrirhugaða vatnsrennisbraut í Grafarvogslaug og fleira.

Eins var fjallað um uppbyggingu og þróun í Grafarvogi. Rúmlega 100 lágleiguíbúðir verða byggðar við Móaveg við Spöngina. Framtíðarsýn við Gufunesið var kynnt en þar er að reisa m.a. kvikmyndaverið Reykjavík-studios og síðar er fyrirhuguð blönduð atvinnu- og íbúðarbyggð þar, en drög að deiluskipulagi er að fara í kynningu þessa dagana. Byggingar á atvinnulóð við Gylfaflöt og stækkun íbúðarbyggðar í Bryggjuhvefinu er farið af stað. Farið var stuttlega í samgöngur í hverfinu og sagt stuttlega frá borgarlínuverkefninu. Varðandi fyrirhugaða sundabraut, þá er niðurstaða borgarinnar og íbúa að sundarbraut í göngum sé besta lausnin. Fjallað var um verkefnið „Hverfið mitt“ og nokkur verkefni kynnt sem farin eru í framkvæmd. Eins var kynnt lauslega viðhaldsverkefni og átaksverkefni á fasteignum borgarinnar í hverfinu og fyrirhugaðar gatnaframkvæmdir. Rekstur og umhirða í hverfinu og fjölgun á grenndarstöðvum. Rætt var um almenningssamgöngur en það stendur til að auka ferðir á álagstímum í Grafarvöginum. Mengun í Grafarlæk og önnur umhverfismál svo sem lyktarmengun í Gufunesi voru rædd. Í lokin var kynnt væntanlegir opnir málefnafundir sem borgin mun standa fyrir þennan vetur.

Næst kom Þorsteinn R. Hermannsson samgöngustjóri og kynnti verkefni er kallast Borgarlínan. Farið var yfir undirbúning á verkefninu og hugsanleg áhrif á samgöngur. Tenging verður í samvinnu við nágrannasveitafélögin. Borgarlínan snýst um að akstur er í sérrými, góðar stoppustöðvar, afkastageta mikil og hraði og áreiðanleiki verði mikill. Þetta er lykilverkefni höfðuborgarsvæðisins til að takmarka umferðartafir og bæta umhverfisverkefni og er mikil fjárfesting til vistvænna uppbyggingar á höfðuborgarsvæðinu.

Sesselja Eiríksdóttir félagsmaður í Korpúlfunum kom með tölu varðandi sýn eldri borgara í Grafarvogi. Fjallað var um vöntun á íbúðum fyrir eldri borgara í hverfinu og þörf á hagkvæmum íbúðum og bæta mætti við þjónustu við eldri borgara í Grafarvogi. Samgöngum eru ábátavant og bílastæði of fá við Borgir og göngustíga vantar. 20 ára afmæli Korpúlfa verður á næsta ári.

Opnað var á fyrirspurnir og umræður.

Fyrirspurnir úr sal: Trausti spurði hvort að póstnúmeri í Bryggjuhverfi verði ekki breytt í 112? Það vantar rað- og parhús í Grafarvogi, stendur til að bæta úr því? Búið er að draga framkvæmdir í Vættaskóla, hvernig stendur á því? Opnun í Sundlaug Grafarvogs þarf að lengja í samræmi við aðrar laugar í Reykjavík, á að gera það? Eins vantar innifótboltaaðstöðu í hverfinu og yfirbyggða á áheyrnarstúkustúku, er það á döfinni?

Pétur kom með fyrirspurn varðandi þjónustu í hverfinu, vantar meiri þjónustu eins og búðir, banka pósthús og eins þarf fleiri atvinnutækifæri inn í hverfið, er einhver stefna hjá borginni til að bæta þetta? Eins eru margar gervigangbrautir í hverfinu vantar sebramerki við gangbraut og merki, á að laga það? Vantar almenningssalarni í Spönginni, er hægt að bæta úr því?

Hallgrímur íbúi í Stararima ræddi um lyktarmengun og spurði borgarstjóra hvenær hann sjái fyrir sér að íslenska Gámaþjónustan færi úr hverfinu og hvort að Kvikmyndaverið geti unnið við þessar aðstæður?

Borgarstjóri svarar: Varðandi póstnúmerin þá er það ekki á færi borgarinnar að ákveða hvaða póstnúmer eru. Þetta er ekki einfalt mál en búið að ræða við forstjóra Íslandspósts varðandi þessa breytingu. Varðandi Húsaskóla og Vættaskóla og framkvæmdir þar þá er verið að skoða að færa til viðhaldsverkefni og dreifa þeim betur. Varðandi opnunartíma sundlauga þá er ljóst að opnunartímar voru styttnir í kringum hrun. Aðrar sundstöðvar í borginni hafa síðan verið að bæta við opnunartíma og aðsókn hefur verið mikil. Borgarstjóri hefur áhuga á að auka opnunartímann á fleiri stöðum til reynslu. Varðandi íþróttaðiðkunina, þá er verið að vinna með erindi varðandi yfirbyggða stúku og verið er að skoða í Egilshöll aðstæðu fyrir innifótbolta.

Varðandi þjónustu í hverfum eins og banka og pósthús þá er þetta landlægt um allt landið, þar sem þjónustan hefur verið að breytast, fólk fer í heimabanka og sendir tölvupósta í meira magni en áður. Varðandi þjónustu verslana inn í hverfinu þá er verið að skoða þjónustukjarna og reyna að rífa upp þar sem lægð er. Spöngin er á uppleið, en það þarf að þetta byggð til að auka þjónustu. Varðandi atvinnuaukningu þá er verið að semja við Keldnaholtið og landið þar til að bæta við atvinnutækifærum í hverfinu, þetta byggð og bæta við atvinnuhúsnæði. Varðandi gervigangbrautirnar þá er búið að gera úttekt af hverfisráði Grafarvogs varðandi þetta og það er í skoðun. Varðandi salernisaðstöðu í Spönginni þá benti borgarstjóri á að hægt að fara á klósett bókasafnsins.

Varðandi lyktarmengunina við íslenska gámafélagið þá munu þeir flytja á Esjumela en það eru nokkur ár í það. Heilbrigðiseftirlitið er að vinna með þetta í samvinnu við fyrirtækið.

Fyrirspurnir úr sal: Sigurborg benti á að strætó kemur ekki í Víkurhverfi, á að laga það? Eins varðandi þjónustumiðstöðina í Miðgarði en þar taldi hún lélega þjónustu vera við geðfatlaða.

Hafsteinn benti á að mötuneytið um helgar í Borgum var tekið af eldri borgurum, stendur til að breyta því?

Helgi Þór foreldri í Sunnufold í Foldahverfinu. Vegna mannekla þá er ein deild að að jafnaði lokuð á dag og því er um 20 börn sem eru heima á hverjum degi. Vantar leikskólakennara inn á leikskólana en fæst ekki fólk til starfa. Kallar hann eftir skýrum svörum hvað á að gera til langstíma til að leysa þennan vanda. Eins þarf að skoða lóðirnar á leikskólunum og bæta viðhald þar, stendur þetta til?

Guðrún Bára fulltrúi foreldra úr Húsaskóla. Vantar endurbætur á skólanum sem fyrst en endurbætur eru ekki hugaðar fyrr en árið 2021. Borgarstjóra var afhent var undirskriftabréf frá foreldrum og nemendafélagi skólans.

Steina og Þrír fulltrúar úr Kelduskóla-Vík létu vita að leiksvæðið er lélegt við skólann, svæðið er stórt og vantar leiktæki á lóðina. Mikið einelti viðgengst og talið er að það grasseri á þessu svæði vegna þessa. Hvenær mega þau vænta breytingar á skólalóðinni?

Borgarstjóri svarar: Verður komið þessari ábendingu um strætisvagnaferðir í Víkurhverfinu á réttan stað í borgarhverfinu. Varðandi þjónustu við geðfatlaðra og þjónustu Miðgarðs við þá og þykir borgarstjóra það leitt að þetta sé upplifunin en hann vildi meina að góð þjónusta hafi alla tíð verið í Miðgarði.

Varðandi mötuneytið í Borgum um helgar, þá stendur ekki til í að breyta því á næstunni því samræming þarf að vera í borginni.

Varðandi Sunnufold þá er mikil mannekla þar en það er verið að ráða inn starfsmenn þessa stundina þannig að það er að rofa til. Mikil vöntun er á leikskólakennurum, launin hafa verið að hækkuð og verið er að huga að langtímaaðgerðum varðandi að fá inn starfsmenn í leikskólana. Hvað varðar skólalóð og viðhald þar, þá er verið er að taka út allar skólalóðir í borginni og bæta í viðhald en þetta var skorið mikið niður á sínum tíma. Skólarnir í Grafarvogshverfinu er komnir á tíma í viðhaldi og unnið er með langtímalausn í þessu.

Borgarstjóri þakkaði fyrir erindi frá Húsaskóla og mun skoða það. Keldurskóli- Vík lenti ekki ofarlega á viðhaldslistanum en brugðist hefur verið við jafn óðum til að laga hættulegar klifurgrindur og bæta við leiktækjum. Hægt er að fara í minni aðgerðir jafn óðum í stað þess að bíða eftir heildarbreytingu.

Fyrirspurnir úr sal: Unnur spurði út í göturnar í hverfinu, en það er mismunandi hvort að það sé biðskylda eða hægri réttur, er hægt að samræma þetta?

Samgöngustjóri svarar: sem var á fundinum stóð upp og svaraði því að hægri réttur eykur umferðaröryggi þar sem hann minnkar umferðarhraða og því er þetta skipulag svona.

Fyrirspurnir úr sal: Ómar Ragnarsson ferðast um á rafvespu og hjóli. Það er mjög erfitt að fara á rafhjóli úr hverfinu því það vantar hraðhjólástíga, stendur til að breyta því? Tók hann svo lagið, söng texta eftir sig sjálfan um ástandið í Grafarvogi, við þjóðþekkt lög. Síðan spurði hann hvort að búið sé að finna út mengunina í Grafarlæk og er búið að tryggja að framkvæmdir við bryggjuhverfið hafi ekki áhrif á Elliðaárdalinn?

Borgarstjóri svarar: Var að spá að syngja svar til baka en hætti við... ☺ Verið er að tvöfalda gangstíga og hjólástíga en eigum ekki alvöru hraðhjólástíga. Varðandi Grafarlækinn það er ekki alveg upplýst

gáta en verið er að reyna að finna lausn eins og setja settjörn til að fanga mengunina í gildru ef þetta gerist aftur. Varðandi stækkun bryggjuhverfisins, þá er búið að fara með það í umhverfismat og þetta á ekki að ógna lífríki Elliðaánnar.

Fyrirspurnir úr sal: Kristján vildi fá meiri myndir af Esjunni í kynningunni þar sem sýnir hvar Björgun verður staðsett. Það þarf að tryggja að við missum ekki útsýnið og mikla umferð þangað. Þurfum að verja svæðið, hvernig er staðan á því.

Trausti minntist á að leiktæki í skólunum í hverfinu eru fá en það þarf að bæta, stendur það til? Varðandi menningarmál þá fara fáir styrkir til Grafarvogsins, hvernig stendur á því? Varðandi bryggjuhverfið tilheyrir það Grafarvog eða ekki? Eins kom hann með tillögu að breyta á nafninu á Hallsvegi í Fjölnisbraut.

Herdís Björg ræddi um Hallssteinsgarð og spyr hvort hægt sé að gera bílastæði þannig að fatlaðir eiga aðgang að þessum fagra stað og hvað hefur Reykjavíkurborg gert til að hlúa að honum?

Stefanía er frumbyggji í hverfinu og hefur horft á það hvernig hverfið hefur breyst og vildi biðja borgarstjóra að horfa meira til hverfisins til að bæta þar en ekki bara á hverfi 101.

Pétur ræddi um breytingarnar í Bryggjuhvefinu en það kemur sandfok yfir Hamrahverfið í þessum framkvæmdum.

Jóhann Helgason formaður Korpúlfana spurning hvort lyktin komi frá móttöku í Sorpu eða Íslensku Gámastöðunni, er búið að kanna það? Eins tók hann fram að reynsla Korpúlfa af þjónustu í Miðgarði hefur verið einstaklega farsæl og ánægjuleg.

Heilbrigðisfulltrúi svarar: Guðjón heilbrigðisfulltrúi í Reykjavíkurborg, það eru þrír staðir sem gefa lykt en flestar kvartanir koma þegar Íslenska Gámafélagið er að urða úrgang. Verið er að yfirfara.

Borgarstjóri svarar: Varðandi væntanlega staðsetningu á Björgun þá kom röng staðsetning fram í blöðunum um daginn en ljóst er að staðsetningin á Álfnesi er mun fjær byggð. Verið er að vinna af umhverfismat og deiluskipulagi en sjónmengun veður í lagmarki

Viðhald á leiktækjum er á lista. Hvort að bryggjuhverfi tilheyrir Grafarvogi eða ekki er seinni tíma umræða. Menningarmál þá má bæta við að tveir tónlistaskólar til viðbótar eru í hverfinu og breyta nafninu á Hallsvegi er frumleg hugmynd.

Hallsteinssvæðið er á dagsskrá, það er búið að gera úttekt á viðhaldspörf á verkunum og komnar eru ábendingar. Varðandi aðgengi þá veður það skoðað almennt. Huga þarf að vera að bæta við bekkjum og fleira.

Varðandi ummæli Stefaníu. Borgarstjóri var hjartanlega ósammála henni það er fullt að gerast í Grafarvogi, íbúar eru kröfuharðir og eru stoltir af hverfinu. Hverfið er borgarprýði mikil lífsgæði og margt er í gangi. Borgarstjóri er stoltur af hverfinu og er ánægður með fyrirspurnirnar og ábendingarnar og bendir á að ef það eru fleiri ábendingar þá er hægt að senda þær á borgarstjori@reykjavik.is og þær fyrirspurnir sem búið var að senda fyrir fundinn verða svaraðar skriflega þar.

Fundi slitið 22:20